

Með fjöllum á herðum sér – Ljóðaleikur – Stefán Hörður Grímsson

Í ár er aldarafmæli ljóðskáldsins Stefáns Harðar Grímssonar, eins áhrifamesta ljóðskálds sinnar tíðar. Ljóðasetur Íslands og Kómedíuleikhúsið hafa sett saman sérstakan ljóðaleik í tilefni tímamótanna.

Ljóðaleikurinn inniheldur úrval ljóða úr smiðju Stefáns Harðar, sem flutt verða bæði í tali og tónum. Elfar Logi Hannesson, leikari, flytur ljóðin og Þórarinn Hannesson, tónlistarmaður, leikur og syngur eigin lög við ljóð skáldsins. Lengd sýningarinnar er um 40 mínútur.

Verkið var frumflutt á Siglufirði á ljóðahátíðinni Haustglæður í september. Einnig verður sýning í Hannesarholti í Reykjavík í dag, 3. október, og verið er að bóka fleiri sýningar.